

1985

Fimmtudaginn 12. júní 1997.

Nr. 327/1995.

Lilja Schopka

Sverrir Schopka

Sigfús Schopka

Ragnhildur Schopka

Júlíus H. Schopka og

Herdís H. Schopka

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Karli Eiríkssyni

(Erla S. Árnadóttir hrl.)

Pórunni Sigurðardóttur

Sigurði Einarssyni

Kristjönu Ernu Einarsdóttur og

Daníel Sigurðssyni

(Jón Magnússon hrl.)

Landamerki. Áfrýjunarfjárhæð. Dagsektir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. október 1995. Þau krefjast þess, að landamerki jarðanna Stíflisdals I og Stíflisdals II í Þingvallahreppi verði, að því er varðar tún þeirra, ákveðin þannig, „að þau liggi frá móbergsklöppinni efst í túninu við lækinn, punktur merktur S 07 á uppdrætti Páls Bjarnasonar verkfræðings frá 26. september 1993, eftir beinni línu milli punktanna S 07 og S 11 og þaðan út í vatn um punktinn S 12 á áðurgreindum uppdrætti“. Þeir krefjast þess jafnframt, að stefndu verði gert að fjarlægja girðingu, sem nú er í túni milli jarðanna, eða færa hana að réttum landamerkjum að viðlögðum dagsektum. Þá krefjast þau málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðalkrafa stefnda Karls Eiríkssonar er, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og að áfrýjendum verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Prautavarakrafa hans er

sú, að landamerki jarðanna verði ákveðin þannig, að þau markist frá punkti S 09 á uppdrætti verkfræðistofunnar Stuðuls frá 15. júní 1994, eftir beinni línu um punkta S 10 og S 11 og þaðan að punkti S 12. Í því tilviki verði niðurstaða héraðsdóms um málskostnað staðfest og áfrýjendum gert að greiða óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Önnur stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og þeim tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti. Taka þau undir kröfur og sjónarmið stefnda Karls, en hann hefur aðallega komið fram í málinu af hálfu eigenda Stíflisdals I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt leyfi sýslumannsins í Reykjavík til Daníels Sigurðssonar um setu í óskiptu búi eftir eiginkonu sína, Helgu Einarsdóttur, sem lést 29. september 1994. Hefur hann tekið við málsaðild fyrir Hæstarétti.

I.

Málsaðilar hafa lagt fram tvo uppdrætti, sem kröfur þeirra um landamerki jarðanna taka mið af. Lögðu áfrýjendur fram annan þeirra við höfðun málsins í héraði, en hann er dagsettur 26. september 1993 og gerður af Verkfræðistofu Suðurlands hf. og undirritaður af Páli Bjarnasyni. Hinn uppdráttinn lagði stefndi Karl fram, en hann er dagsettur 15. júní 1994 og gerður af verkfræðistofunni Stuðli. Á þann uppdrátt hefur verið bætt hnitmerkingu á kennileiti, sem þar er kallað „móbergsklettur“ og stefndi telur vera á mörkum jarðanna. Kennileiti þetta, sem hér eftir verður nefnt móbergsklöpp, er nokkru vestar og norðar en klöpp sú, sem áfrýjendur telja landamerkin eiga að ráðast af og merkt er S 07 á þeirra uppdrátt. Á uppdrátt stefnda er einnig dregin bein lína frá vestari klöppinni í punkt S 10 á uppdrætti áfrýjenda, og er það markalína samkvæmt héraðsdómi. Á yngri uppdrættinum er einnig sýndur gamall brunnur á því svæði, er þéjarhús í Stíflisdal stóðu áður.

Fyrir málflutning í Hæstarétti gengu dómendur ásamt lögmönnum og nokkrum málsaðila á vettvang og könnuðu aðstæður.

II.

Stefndi Karl styður aðalkröfu sína um vísun málsins frá Hæstarétti þeim rökum, að áfrýjendur hafi ekki sýnt fram á, að hagsmunir þeirra af hinum umdeilda landskika séu svo miklir, að skilyrðum

152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála teljist fullnægt, svo að bera megi niðurstöðu héraðsdómara undir Hæstarétt. Vísar hann til 3. mgr. 152. gr., sem hér eigi við. Geti áfrýjendur þannig ekki tilgreint sérstaka hagsmuni við nýtingu þess lands, sem um er deilt, og sé ljóst, að hagsmunir þeirra náí ekki lágmarksfjárhæð, sem áfrýjun máls sé bundin við samkvæmt nefndri lagagrein.

Með útgáfu áfrýjunarstefnu hefur Hæstiréttur tekið afstöðu til þess attriðis, sem aðalkrafa stefnda Karls er reist á. Hefur stefndi ekki eftir það aflað sönnunargagna, svo sem matsgerðar um verðmæti umræddrar landspildu, sem leitt gætu til þess, að sú afstaða sætti endurskoðun. Samkvæmt þessu verður aðalkröfu stefnda Karls um vísun málsins frá Hæstarétti hafnað.

III.

Í landskiptagerð þeirri frá 2. nóvember 1930, sem getur í héraðsdómi, segir meðal annars svo: „2. Túnið. Sömu skifti og áður, – merkjalínan þessi: – úr móbergsklöppinni efst í túninu við lækinn um vestri-vegg fjárhúss, sem er niðrá túninu, um tóftarbrot við lækinn, og beina línu niður í vatn.“

Engin glögg merki sjást lengur um fjárhús, sem getið er í landskiptagerðinni. Óumdeilt er hins vegar, að vesturveggur þeirra hafi verið þar, sem punktur S 10 er á uppdrætti áfrýjenda. Punktar S 11 og S 12 eru einnig óumdeildir í málinu. Ágreiningur málsaðila lýtur hins vegar að því kennileiti, sem í landskiptagerðinni er getið sem móbergsklapparinnar efst í túninu við lækinn. Vísar málsaðilar hvor á sína móbergsklöppina, svo sem lýst er í I. kafla að framan. Eldri landskiptagerð frá 1926 skiptir ekki sérstöku máli um staðsetningu þessa kennileitis, og ekki eru heimildir í málinu um landamerki á þessum stað fyrir þann tíma.

Af könnun á vettvangi má ljóst vera, að sú móbergsklöpp, sem áfrýjendur vísa á og merkt er sem punktur S 07 á uppdrætti þeirra, svarar á allan hátt betur til lýsingar í landskiptagerð en sú, sem stefndu telja hina réttu. Þannig ná gömul tún jarðanna alveg að punkti S 07, og er sú klöpp aðeins örfáa metra frá læknum, sem nefndur er í landskiptagerð. Klöppin, sem stefndu benda á, er hins vegar í gilbarminum allhátt fyrir ofan lækinn. Orðalag landskiptagerðarinnar um staðsetningu „við lækinn“ á því sýnu verr við þessa

klöpp en hina. Að auki verður ekki séð, að klöppin, sem stefndu benda á, svari þeirri lýsingu að vera „í túninu“, en milli túns og klapparinnar er lyng- og mosagróður ríkjandi á nokkrum kafla. Eru þar engin ummerki um ræktað land.

IV.

Eldri girðing milli jarðanna lá frá punkti S 10 að svokölluðum Grásteini, sem er nokkra metra vestan við punkt S 07. Ber málsaðilum saman um, að sú girðing hafi ekki verið á réttum merkjum. Stefndi Karl lét taka hana niður og setja upp nýja nokkru vestar árið 1992. Miðast þrautavarakrafa hans í málinu við þá línu. Er meðal annars vísað til þess, að alveg við hornstaur nýju girðingarinnar að norðan séu leifar af gömlum hornstaur, sem hafi getað verið í enn eldri girðingu á sama stað.

Engar skýringar eru í málinu á tilvist þess girðingarstaurs, sem leifar má enn sjá af, og engin ummerki sjást um eldri girðingu á þessum stað. Engin merki eru heldur sýnileg, sem bent geti til, að girðing hafi legið frá þeirri móbergsklöpp, sem stefndu benda á, í átt að punkti S 10. Eins og málið liggur fyrir, geta tilgátur eða vísendingar um eldri girðingar ekki raskað þeirri niðurstöðu, sem leiða má af skoðun á aðstæðum með hliðsjón af orðalagi landskiptagerðarinnar, sem áður er rakið.

Staðsetning gamals brunns, sem stefndu hafa látið færa inn á uppdrátt, skiptir ekki heldur máli um úrslit ágreiningsefnisins. Þannig hafa engin gögn verið lögð fram um, hvort báðir bæirnir í Stíflisdal eða einungis annar þeirra hafi notað þennan brunn. Ekki liggja heldur fyrir gögn um önnur vatnsból á svæðinu. Sú málsástæða stefnda Karls, að hann hafi unnið hefð á hinu umþrætta landi, er órökstudd með öllu.

V.

Niðurstaðan af öllu framanröktu verður sú, að fallist er á, að landamerki jarðanna liggi frá punkti S 07 (móbergsklöppinni við lækinn efst í túninu) að punkti S 10, svo sem áfrýjendur krefjast. Verður jafnframt fallist á kröfu þeirra um, að stefndu verði að viðlögðum dagsektum gert að fjarlægja girðingu af landi áfrýjenda, sem stefndi Karl lét setja þar upp.

Af gögnum málsins verður ráðið, að stefndi Karl hafi gert ítrek-

aðar tilraunir til þess að fá áfrýjendur eða fulltrúa þeirra til að kanna með sér á vettvangi og ákveða, hvar rétt merki milli jarðanna lægju. Verður jafnframt ráðið, að sú viðleitni hafi ekki borið árangur vegna ástæðna, sem að áfrýjendum sneru. Þá lagði hann einnig fram tilboð til sátta, er deila málsaðila var komin upp. Í ljósi þessa þykir rétt, að hver aðila beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Landamerki jarðanna Stíflisdals I og Stíflisdals II í Þingvallahreppi á hinu umdeilda svæði eru þessi: Frá punkti S 07 á uppdrætti Verkfræðistofu Suðurlands hf. 26. september 1993 (hnit merkt X-660835.468 og Y-421106.801), eftir beinni línu að punkti S 10 (hnit merkt X-660816.395 og Y-420918.880), þaðan í punkt S 11 (hnit merkt X-660802.733 og Y-420830.789) og þaðan í punkt S 12 (hnit merkt X-660856.036 og Y-420741.926).

Stefndu, Karl Eiríksson, Þórunn Sigurðardóttir, Sigurður Einarsson, Kristjana Erna Einarasdóttir og Daníel Sigurðsson, skulu fjarlægja girðingu, sem stefndi Karl lét setja upp á landi áfrýjenda, að viðlagðri 10.000 króna sekt fyrir hvern dag, sem líður fram yfir 90 daga frá uppkvaðningu dóms þessa.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 3. júlí 1995.

Mál þetta, sem var þingfest 9. mars 1995, var dómtekið 27. febrúar sl. að lokinni aðalmeðferð. Málið var síðan endurupptekið 7. apríl sl. og þá frestað um óákveðinn tíma. Hinn 22. júní sl. var síðan málið flutt og dómtekið að nýju að lokinni vettvangsgöngu.

Stefnendur eru Lilja Schopka, kt. 290430-2759, Asparfelli 12, Reykjavík, Sverrir Schopka, kt. 130638-4659, Kirchberg 23, 5060 Overrath, Þýskalandi, Sigfús Schopka, kt. 151243-3989, Birkigrund 8, Kópavogi, Ragnhildur Schopka, kt. 160939-4279, 2960 Hoddy Pl., Denver, Colorado, Bandaríkjunum, Júlíus H. Schopka, kt. 120672-5769, Bergstaðastræti 7, Reykjavík, og Herdís H. Schopka, kt. 200274-5209, Bergstaðastræti 7, Reykjavík.

Stefndu eru Karl Eiríksson, kt. 311225-2279, Efstaleiti 14, Reykjavík, Þórunn Sigurðardóttir, kt. 120527-2159, Flyðrugranda 10, Reykjavík, Sigurður

Einarsson, kt. 190960-2269, Reynimel 62, Reykjavík, Kristjana Erna Einarsdóttir, kt. 050154-2389, Tjarnarmýri 10, Seltjarnarnesi, og Helga Einarsdóttir, kt. 210749-4389, Stýrimannastíg 3, Reykjavík.

Dómkröfur.

Stefnendur gera þær dómkröfur í stefnu, að landamerki jarðanna Stíflisdals I og Stíflisdals II verði ákveðin þannig:

1. Túnið: Frá móbergsklöppinni efst í túninu við lækinn, punktur merktur S07 á uppdrætti Páls Bjarnasonar verkfræðings 29. september 1993, eftir beinum línun milli punktanna S07 og S11 og þaðan til S12.
2. Fjalllendið: Úr miðju bæjargili beina stefnu til Steinkirkju.
3. Heiðin og annað land: Úr stórum steini, sem er í sandinum við Stíflisdalsvatn, nálega mitt á milli Mjóavatnslækjar og Gvendarlækjar, beina stefnu í Strýthól við Smyrilshóla.

Jafnframt er krafist, að stefndu fjarlægi girðingu, sem nú er á túni, eða færi hana að réttum landamerkjum að viðlögðum dagsektum. Einnig er krafist, að stefndu fjarlægi önnur mannvirki, sem kunna að vera á landi Stíflisdals II, að viðlögðum dagsektum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu að mati dómsins.

Við málflutning féllu stefnendur frá kröfu sinni í málsgreininni: „Einnig er krafist, að stefndu fjarlægi önnur mannvirki, sem kunna að vera á landi Stíflisdals II, að viðlögðum dagsektum.“

Í greinargerð sinni, er lögð var fram 22. júní 1994, gerðu stefndu svo-felldar dómkröfur:

1. Að þeim hluta kröfu stefnenda, er lýtur að því að fjarlægja eða færa mannvirki, verði vísað frá dómi. Til vara er í þessum lið kröfugerðar gerð sú krafa, að stefndi Karl verði sýknaður af kröfum stefnenda um að fjarlægja eða færa mannvirki.
2. Að staðfest verði með dómi, að landamerki jarðanna Stíflisdals I og Stíflisdals II, hvað varðar lið 2, Túnið, í landamerkjalýsingu á dskj. 3, séu þessi: Úr móbergsklöppinni efst í túninu við lækinn, sem er hnit merkt $X=660.900.606$, $Y=421.144.349$ á dskj. 11, þaðan í beinni línu um punkt S 10 og punkt S 11 og þaðan til punkts S 12 á dskj. 11.

Til vara er í þessum lið kröfugerðar gerð sú krafa, að staðfest verði með dómi, að landamerki jarðanna Stíflisdals I og Stíflisdals II, hvað varðar lið 2, Túnið, í landamerkjalýsingu á dskj. 3, séu þessi: Úr punkti S 09 á dskj. 11 í beinni línu um punkt S 10 og punkt S 11 og þaðan til punkts S 12 á dskj. 11.

3. Að stefnendur verði in solidum dæmdir til að greiða stefnda Karli málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt reikningi.

Eftir að greinargerð var skilað, féll þingsókn niður af hálfu annarra stefndu en Karls Eiríkssonar, enda var lýst yfir því, að málið varðaði í raun ekki aðra stefndu.

Í þinghaldi 20. október sl. var lýst yfir því af hálfu stefnenda, að þeir féllust á, að 2. töluliður kröfu stefndu í greinargerð kæmist að í málinu sem gagnkrafa til sjálfstaðs dóms, en mótmæltu hins vegar kröfunni.

Þá var lýst yfir því í þinghaldi 27. febrúar sl., að ekki væri ágreiningur milli aðila málsins um mörkin í tölulið 2 og 3 í stefnukröfum stefnenda, og lýtur því ágreiningurinn í máli þessu einungis að því, hvar mörkin milli jarðanna liggja á túninu skv. tölulið 1 í stefnukröfum, sbr. einnig 2. tölulið í kröfugerð stefnda Karls.

Málsatvik.

Stefnendur eignuðust hálfa jörðina Stíflisdal, sem hefur verið nefnd Stíflisdalur II, með gjafa- og erfðaafsölum, dagsettum 1. nóvember 1991, frá Júlíusi Schopka, sem hafði eignast jörðina með afsali, dagsettu 24. maí 1944.

Stefnandi Karl eignaðist jörðina Stíflisdal I ásamt Einari Ágústssyni með afsali frá Þórði Eyjólfssyni 2. júní 1962.

Árið 1930 var gerð landskiptagerð milli jarðanna Stíflisdals I og Stíflisdals II. Ágreiningur er í málinu, á hvern hátt eigi að skilja lið 2 í landskiptagerðinni, en þar segir:

„Túnið. Sömu skifti og áður, – merkjalínan þessi: – úr móbergsklöppinni efst í túninu við lækinn um vestri-vegg fjárhúss, sem er niðrá túninu, um tóftarbotn við lækinn, og beina línu niður í vatn.“

Ekki er ágreiningur um það í málinu, að er stefndu eignuðust jörðina Stíflisdal I, skildi girðing að tún jarðarinnar og svokallað norðurtún jarðarinnar Stíflisdals II. Stefndi Karl hefur skýrt svo frá, að seljandi jarðarinnar Stíflisdals I, Þórður Eyjólfsson, hafi sagt sér frá því við söluna, að girðing þessi væri ekki á réttum mörkum jarðanna. Að sögn stefnda var Júlíus heitinn Schopka kvaddur til að fara yfir landamerki jarðanna með stefndu, en af því gat ekki orðið vegna heilsubreysts Júlíusar.

Árið 1979 var enn reynt af hálfu stefnda Karls að fá eigendur jarðarinnar Stíflisdals II til að ganga á mörkin, en af hálfu þeirra var færst undan því.

Var þá kvaddur til Hjörtur Þorsteinsson, sem verið hafði ábúandi í Stíflisdal, er landskiptin fóru fram. Ekki hefur komið fram í máli þessu, að neitt hafi verið skjalfest vegna þessarar skoðunar á mörkunum. Halda stefnendur því fram, að Hjörtur hafi staðfest, að „klöppin efst í túninu við lækinn“ sé sú klöpp, er sé nokkra metra norðaustan við stein, sem merktur er á punkti S 08 á fram lögðum uppdrætti.

Stefndi Karl sagði, er hann kom fyrir dóminn, að þegar Hjörtur hefði komið á vettvang, hefði einungis verið leitað eftir staðsetningu vestari veggjar fjárhúss á túninu, sem sagt sé í merkjalýsingunni, að mörkin liggi um. Þarna hefði verið um fleiri tóftir að ræða, en samkomulag orðið um staðsetningu eftir tilsögn Hjartar, og sé það sá punktur, sem merktur sé S 10 á dskj. 5. Stefndi Karl tók fram, að þá hefði ekki verið fjallað um staðsetningu „móbergsklapparinnar efst í túninu við lækinn“.

Stefndi Karl sagði, að hann hefði hafist handa um gróðursetningu skjólgirðingar austan girðingarinnar, sem skildi löndin að, sennilega árið 1973. Um ástæður þess, að hann plantaði skjólgirðingunni á þessum stað, sagði hann, að það hefði einfaldlega verið vegna þess, að girðingin var þarna staðsett.

Vitnið Halldór Kristjánsson, ábúandi að Stíflisdal I, fékk ábúð að jörðinni árið 1977. Hann skýrði svo frá, að í samtölum sínum við stefnda Karl Eiríksson, sem komið hefði fram fyrir hönd landeigenda, er verið var að semja um ábúðina, hefði komið fram af hálfu stefnda Karls, að girðingin við vesturmörkin væri of austarlega. Vitnið sagði, að er Hjörtur Þorsteinsson kom til að huga að mörkunum ásamt málsaðilum, hefði hann verið viðstaddur. Hefði verið farið að þeim stað, er Hjörtur tilgreindi sem fjárhússtóft þá, er miðað væri við í landskiptagerðinni. Hefði Hjörtur sagt, að mörkin lægu frá þeim stað upp í Grástein og niður í vatn um lækinn. Sagði vitnið, að það hefði komið sér á óvart að heyra Hjört tiltaka Grástein sem merkjapunkt, þar sem í landskiptagerðinni væri talað um móbergsklöpp. Hvorki hefði verið gengið niður að vatninu í þetta skipti né upp að Grásteini.

Vitnið Otto Schopka var viðstatt árið 1979, er Hjörtur Þorsteinsson sagði til um merki milli jarðanna. Sagði vitnið, að gengið hefði verið á merkin frá vatni að móbergsklöppinni, sem merkt er S 07 á dskj. 5. Vitnið segist ekki muna eftir, hvenær hann varð þess áskynja, að sumarhús hefði risið á því svæði, sem nú er um deilt.

Fram kom í vitnisburðum allra, sem viðstaddir voru þessa athugun árið 1979, að Hjörtur Þorsteinsson hefði verið undir áhrifum áfengis í þetta skipti. Sagði vitnið Halldór Kristjánsson, að þegar Hjörtur hefði talað um Grástein sem merkjapunkt, hefði hann vitað af fyrri kynnum sínum af honum, að ekki myndi duga að andmæla þessu. Þá taldi vitnið Halldór vafasamt, að Hjörtur hefði verið fær um að ganga upp brekkuna að Grásteini eða móbergsklöppunum.

Stefndi Karl segir, að sig minni, að það hafi verið árið 1987, sem hafist hefði verið handa við smíði sumarhúss dóttur sinnar, sem einkennt sé með

S 05 á dómskjali nr. 5. Segir hann ekki hafa verið af hálfu stefnenda málsins gerðar neinar athugasemdir við byggingu sumarhússins, fyrr en eftir að dró að þessum málarekstri.

Vitnið Halla Einarsdóttir segir, að hún hafi ekki orðið vör við, að búið var að reisa sumarhúsið, fyrr en árið 1989. Fyrr hafi hún ekki komið á norðurtúnið. Sumarhúsið hafi a. m. k. verið fokhelt þá. Ekki hafi verið gerð athugasemd við smíði þess þá, en það hafi verið gert síðar, eftir að girðingin hafði verið flutt.

Stefnendur segja, að árið 1991 hafi verið talað um af hálfu stefnda Karls að færa girðinguna á rétt merki. Rætt hafi verið um, að eigendur færu yfir landamerki, en ekki orðið af því. Stefnendur hafi síðan orðið varir við það vorið 1992, að búið var að færa girðinguna í núverandi horf, og þá gert athugasemd við það. Hafi síðan verið reynt að ná samkomulagi um lausn málsins, en það ekki tekist.

Vitnið Otto Schopka segist ekki hafa vitað um hugleiðingar um að færa girðinguna, fyrr en eftir að hún var færð, og minnst þess ekki, að undir sig hafi verið borið, hvar girðingin ætti að vera að réttu.

Vitnið Halla Einarsdóttir sagði, að gerð hefði verið athugasemd við færslu girðingarinnar, þegar er þau urðu þess áskynja, að hún hefði verið færð. Hafi þá verið gerð athugasemd við staðsetningu sumarhússins. Segir vitnið, að áður en til þess kom, að girðingin væri færð, hafi hún talið sig hafa þá vitneskju, að girðingin væri á röngum stað og væri of vestarlega. Segir hún Halldór, ábúanda að Stíflisdal, hafa komið að máli við sig árið 1989 og minnst lauslega á, að færa þyrfti girðinguna, og var þá rétt um þátttöku stefnenda í kostnaði við hana. Það hafi svo verið í ágúst 1991, sem áformað hafi verið, að Sigfús, móðurbróðir vitnisins, kæmi á vettvang og hitti Halldór til þess að koma þessum málum á hreint, en af því hafi ekki getað orðið. Það var síðan árið 1992, sem stefnendur urðu varir við, að búið var að færa girðinguna.

Um flutning girðingarinnar segir vitnið Halldór Kristjánsson, að það hafi verið árið 1989, sem Már, sambýlismaður Höllu, hafi ætlað að fara að girða vestan og norðan við land þeirra, og hafi hann þá rétt við hann um, að hann þyrfti að leita samþykkis landeigenda, þegar hann ætlaði að girða í aðra girðingu, og jafnframt hafi hann rétt við hann, að girðingin, sem skipti landi þeirra, væri of austarlega. Segist vitnið ekki hafa skilið hann öðruvísi en svo, að honum hafi verið það ljóst, og byggt það á vitneskju frá Sigfúsi Schopka. Það hafi svo verið tveimur árum síðar, að aftur hafi verið rétt um, að girðingin væri ekki á réttum stað, en Már ekki talið sig hafa haft þekkingu til þess að ganga á mörkin með vitninu. Hafi hann áformað að fá Sig-

fús til þess að ganga á mörkin með vitninu, en af því hafi ekki orðið. Vitnið segist ekki minnst þess, að umræður hafi gengið svo langt, að farið hafi verið að minnast á skiptingu kostnaðar.

Ástæðu þess, að ekki hafi verið hafist handa þegar árið 1979 um að færa girðinguna, segir vitnið þá, að ákveðið hafi verið að bíða með það, þar til tímabært væri að endurnýja hana, en hún hefði verið á þessum tíma í not-hæfu ástandi. Vitnið kveðst hafa gert Má það ljóst árið 1991, að girðingin yrði væntanlega færð um haustið, og segist vitnið hafa talið sig vera búið að ræða nægilega um þessi mál við Má, sem vitnið segist hafa litið á sem um-boðsmann landeigenda, enda hafi hann verið að fást við að girða landið. Vitnið Halldór tekur fram, að hann hafi fyrst hitt stefnandann Sverri sum-arið 1988, þegar vitnið kom að þessum nýja bústað til þess að ræða við smíði, sem þar voru við vinnu. Kom Sverrir þar að og kynnti sig sem einn af eigendum Stíflisdals II. Segir vitnið, að þá hafi ekki verið höfð uppi nein orð um það, að sumarbústaðurinn væri ekki reistur á réttum stað.

Stefndi Karl heldur, að hið fyrsta, sem hann hafi heyrt af því, að stefn-endur teldu hann hafa gengið á land þeirra, hafi verið í samtali við Sverri Schopka, sennilega í júlí eða ágúst 1992, og í framhaldi þess barst honum bréf Guðnýjar Björnsdóttur hdl. þessa efnis.

Málsástæður og lagarök.

Stefnendur styðja kröfugerð sína við landskiptagerðina frá 1930. Ágrein-ingur í máli þessu lýtur að 2. lið, er varðar skiptingu túnsins. Samkvæmt þeim lið er landamerkjalinan úr móbergsklöppinni efst í túninu við lækinn, um vestri vegg fjárhúss, sem er niðri á túninu, um tóftarbrott við lækinn og beina línu niður í vatnið. Telja stefnendur, að móbergsklöppin, sem miða eigi við, sé sú, sem merkt er S 07 á uppdrættinum, enda sé það eina mó-bergsklöppin, sem sé efst í túninu við lækinn. Girðingin, sem var þar til 1992, lá hins vegar um stein, sem merktur sé S 08 á uppdrætti, og er ekki móberg, heldur grágrýti.

Þá telja stefnendur, að tóftarbrottin við lækinn séu þar, sem merkt sé S 11 á uppdrætti, og vesturveggur fjárhúss sé þar, sem merkt sé S 13 á uppdrætti. Rétt mörk séu því bein lína frá S 07 til S 11 og þaðan út í vatn gegnum punkt S 12, þar sem endi girðingarinnar er við vatnið.

Stefndi Karl reisir aðalkröfu sína á því, að samkvæmt landskiptagerðinni frá 1930 liggi merki milli jarðanna Stíflisdals I og Stíflisdals II úr þeirri mó-bergsklöpp, sem liggur efst í landinu og hnitsett er X=660.900.606 og Y=421.444.349 á dskj. 11. Stefndi telur móbergsklöpp þessa vera þá klöpp, sem getið er um í landskiptagerðinni. Hann hafi hins vegar ekki flutt girð-

inguna svo langt, því að hann hafi viljað vera öruggur um, að ekki hallaði á stefnendur, sem hafi ekki sinnt því að skoða mörkin, áður en girðingin var flutt. Varakrafan er á því reist, að verði aðalkrafan ekki tekin til greina, beri að skilja landamerkjálýsinguna svo, að mörkin séu þar, sem girðingin sé nú, enda séu þar skýr ummerki um eldri girðingu.

Að girðingin hafi ekki verið á réttum stað, styður stefndi Karl við ummæli Þórðar Eyjólfsssonar, sem stefndi Karl og Einar Ágústsson keyptu jörðina af árið 1962, en samkvæmt frásögn stefnda Karls gekk Þórður þá með honum á merki og sagði honum, að girðingin á túninu væri ekki á réttum stað. Þá sé það staðfest í stefnu, að páverandi eigandi Stíflisdals II hafi verið til kvaddur, er núverandi eigendur Stíflisdals I eignuðust jörðina, til að fara yfir merkin, en ekki orðið við því. Óskinn um að ganga þá á merki hafi verið sett fram vegna þeirrar vitneskju, sem stefndi Karl taldi sig hafa um, að girðingin væri ekki á réttum stað.

Svæðið efst í landinu sé úr móbergi. Girðingin lá, áður en hún var færð, úr steini, sem kallaður hefur verið Grásteinn. Ef Grásteinn hefði verið merkjapunktur, hefði hann augljóslega verið nefndur til sem slíkur. Klöpp sú, er stefnendur vilja draga mörkin frá, er ekki sýnileg, þegar horft er upp eftir landinu, og er því mótmælt, að Hjörtur Þorsteinsson hafi staðfest, að klöpp sú, er stefnendur vilja miða við, sé sú hin sama klöpp, sem nefnd er í landskiptagerðinni. Klöppin, sem stefndi Karl telur réttan markapunkt, sé stærsta klöppin á svæðinu við lækinn og standi ofar í landinu og vel sýnileg, þegar horft er upp eftir landinu. Þá finnst ummerki um gamla girðingu í beinni línu frá þessari klöpp. Þá séu við núverandi hornstaur leifar af gömlum hornstaur, sem umkringdur er steinum. Ljóst sé, að girðing hafi á einhverjum tíma legið frá báðum þessum staurum.

Þá vísar stefndi Karl til þess, að bæjarstæði Stíflisdals I hafi verið við landamerkin, er landskiptagerðin var undirrituð, og beri að hafa það í huga við skýringu landskiptagerðarinnar. Það hafi verið síðar, að bæjarstæðið var flutt til þess staðar, er bærinn stendur nú. Bæjarbrunnurinn, sem merktur er inn á uppdrátt á dskj. 11, hefði því verið utan lands Stíflisdals I, ef kröfur stefnenda væru teknar til greina. Auk þess myndi eitt sumarhúsa þeirra, sem reist hafa verið á jörðinni, einnig lenda utan jarðarinnar.

Stefndi Karl telur, að með því að mótmæla ekki smíði sumarhússins, þegar hafist var handa um hana, hafi stefndu glatað rétti sínum fyrir aðgerðaleyfi.

Loks heldur stefndi Karl því fram, að verði ekki fallist á framangreindar málsástæður, hafi hann öðlast eignarrétt að hinu umdeilda landsvæði fyrir hefð, sbr. l. nr. 46/1905.

Niðurstaða.

Ágreiningur í máli þessu felst í því, að málsaðilar eru ekki á eitt sáttir um, hver sé merkjapunkturinn, sem í landskiptagerðinni frá 2. nóvember 1930 er nefndur „móbergsklöppin efst í túninu við lækinn“.

Girðing sú, sem áður skildi jarðirnar Stíflisdal I og Stíflisdal II, lá frá punkti þeim, sem auðkenndur er S 08 á dskj. 5 og er steinn, er nefndur hefur verið Grásteinn. Málsaðilar eru sammála um, að sá punktur sé ekki réttur merkjapunktur milli jarðanna.

Um tvær móbergsklappir er að ræða, sem hugsanlega gætu verið „móbergsklöppin efst í túninu við lækinn“. Stefnendur halda því fram, að klöpp þessi sé þar, sem merkt er S 07 á dskj. 5 (hnit X=660835.468 og Y=421106.801). Stefndi Karl heldur því hins vegar fram, að klöpp sú, er miða eigi við, sé sú, sem merkt er með hnitum X=660900.606 og Y=421144.349 á dskj. nr. 11.

Við athugun á vettvangi fundust engin merki um girðingu eða hornstólpa við klöppina, sem stefnendur vilja miða við, né heldur fundust merki þess, að girðing hefði legið frá þeim stað niður í punkt S 10 (hnit X=660816.395 og Y=421123.065), en ágreiningslaust er með aðilum, að miða skuli við það, að sá punktur sé á réttum merkjum. Móbergsklöpp þessi sést ekki frá punkti S 10. Ekki hefur stefnendum tekist að sýna fram á nein ummerki þess, að girðing hafi á einhverjum tíma legið frá þessum kletti að punkti S 10 eða öðrum stað niðri á túninu.

Þá verður ekki komist hjá því að líta til þess, að sé punktur S 7 réttur merkjapunktur, lendir bæjarbrunnurinn, sem merktur er inn á dskj. nr. 11, utan landamerkja jarðarinnar Stíflisdals I, sem verður að teljast óvenjulegt, þótt það sé ekki með öllu óhugsandi. Þó virðast staðhættir þannig, að auðveldlega hefði mátt grafa þann brunn innan merkja jarðarinnar.

Stefndi hefur borið, að hann hafi oftsinnis óskað eftir, að gengið yrði á merkin, og er sá framburður hans studdur af framburði ábúandans, Halldórs Kristjánssonar. Er því ómótmælt af stefnendum, en fram hefur komið, að upphaflega hamlaði heilsuleysi fyrri eiganda, sem stefnendur leiða rétt sinn frá, en ekki eru skýringar á því, hvers vegna ekki varð úr því, að gengið yrði á merkin síðar.

Pegar allt þetta er virt, verður að telja, að stefnendum hafi ekki tekist að sanna eða gera sennilegt, að punktur merktur S 7 á dskj. nr. 5 (hnit X=660.835.468 og Y=421.106.801) sé „móbergsklöppin efst í túninu við lækinn“, og verður því að sýkna stefndu af kröfum stefnenda.

Skammt austan og neðan við móbergsklöppina, sem auðkennd er með hnitunum X=660900.606 og Y=421144.349, sbr. kröfugerð stefnda Karls,

finnast leifar af staur. Þá má á dskj. nr. 16 sjá skugga, er gæti bent til þess, að þaðan hafi legið girðing í átt að punkti S 10.

Pegar hafnað hefur verið kröfu stefnenda um, að punkturinn S 7 sé stað-urinn, sem nefndur er í landskiptagerðinni sem „móbergsklöppin efst í túninu við lækinn“, hníga öll rök að því, að punktur sá, sem kröfugerð stefnda, er samþykkt var, að kæmist að í málinu sem gagnkrafa, lýtur að og auð-kenndur er með hnitunum $X=660900.606$ og $Y=421144.349$, sé hinn um-þrætti merkjapunktur.

Verður því samkvæmt þessu krafa stefnda Karls um viðurkenningu á því, að réttur merkjapunktur milli jarðanna Stíflisdals I og Stíflisdals II sé punktur sá, sem auðkenndur er með hnitunum $X=660900.606$ og $Y=421144.349$, tekin til greina og markalínan á milli jarðanna því frá þeim punkti um punktana S 10 (hnit $X=660816.395$ og $Y=421123.065$), S 11 (hnit $X=660.802.733$, $Y=420.830.789$) og þaðan til punkts S 12 (hnit $X=660.856.036$, $Y=420.741.926$).

Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að stefnendur greiði in solidum stefnda Karli 140.000 kr. í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Karl Eiríksson, Þórunn Sigurðardóttir, Sigurður Einars-son, Kristjana Erna Einarsdóttir og Helga Einarsdóttir, eru sýknuð af öllum kröfum stefnenda, Lilju Schopka, Sverris Schopka, Sigfúsar Schopka, Ragnhildar Schopka, Júlíusar H. Schopka og Herdísar H. Schopka, í máli þessu.

Staðfest er, að landamerki jarðanna Stíflisdals I og Stíflisdals II, hvað varðar lið 2, Túnið, í landamerkjalyýsingu séu þessi: Úr móbergs-klöppinni efst í túninu við lækinn, sem er hnit merkt $X=660.900.606$ og $Y=421.144.349$, þaðan í beina línu um punkt S 10 (hnit merkt $X=660.816.395$ og $Y=420.918.880$) og punkt S 11 (hnit merkt $X=660.802.733$ og $Y=420.830.789$) og þaðan til punkts S 12 (hnit merkt $X=660.856.036$ og $Y=420.741.926$).

Stefnendur greiði in solidum stefnda Karli Eiríkssyni 140.000 kr. í málskostnað.